# Borðplötuolía




## Vörulýsing

Flügger náttúrleg viðarolía fyrir borðplötur. Olían mettar yfirborð plötunnar sem hrindir í framhaldi frá sér vatni og óhreinindum. Ekki er hægt að lita olíuna.

- **Dregur fram náttúrulega ljóma viðarins**
- **Góð vörn gegn óhreinindum og vatnsáhrifum**
- **Borðplatan má vera í snertingu við matvæli eftir að olían hefur verið borin á.**

## Notkun

Ómeðhöndlað eða nýslípað tré: Berið ríkulega á með pensli. Innan 20 mínútna er olían unnin niður í tréð. Umframolíu er dreift yfir gljúp svæði og síðan er umframolía þurrkuð upp með bómullarklúti. Daginn eftir er slípað með fínum sandpappír. Slípiryk er fjarlægt og frekari tvær umferðir eru bornar á með 6-8 tíma millibili. Munið að hér þarf einnig að þurrka burt umframolíu eftir 20 mínútur. Áður olíuborið tré: Þarf að vera hreint, þurrt og traust. Slípið með fínum sandpappír og hreinsið. Síðan er borið á þunnt olíulag með þurrum bómullarklúti. Umframolía þurrkuð af eftir 20 mínútur. Harðviður: Til að ná sem bestri vatnsheldni skal bæta við einni umferð. Gerið eftirfarandi: Berið á einu sinni, látið liggja í 20-25 mín. Berið aftur á, látið liggja í 30 mín áður en pólerað er. Heildarmagn borðplötuolíu samsvarar 1 ltr. á 8 m². Viðhald: Einnig er hægt að hressa upp á gamlan olíuborinn flöt með þunnu lagi af borðplötuolíu og nota þá gjarnan fíngerðan slípiflóka.

## ábendingar

Forðist mikið vatns-og vökvaálag fyrstu 4-7 dagana. Áður en verk er hafið er ráðlagt að prófa meðferðina á litlum fleti. Hafa skal í huga að útkoman er háð viðartegund og því hvernig viðurinn tekur í sig olíu.

## Athugið!

Sjálfsíkveikja getur orðið í olíumettuðum klútum. Þá skal metta með vatni eða brenna.

**Geymsla:** Geymist á köldum en frostlausum stað. Gætið þess að umbúðirnar séu vandlega lokaðar.

## Tæknilegar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Vara | Hálfþekjandi viðarvörn |
| Gljái | 10;Matt;[] |
| Eðlisþyngd (kg/l) | 0.84 |
| Þurrefnisinnihald vigt % | 35 |
| Þurrefnisinnihald rúmmál % | 38 |
| Efnisnotkun (m²/ltr.) | 12 |
| þynning | Á ekki að þynna |
| Þrif á verkfærum o.s.frv. | Terpentína |

**Núverandi TDS útgáfa**

janúar 2017

**Í staðinn fyrir TDS útgáfu**

janúar 2017